

Nd.

525. Frumvarp til laga

[94. mál]

um breyting á sjómanna­lögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausú fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaup, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjú mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 3. mgr. og 4. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt visvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 3., 4. og 5. mgr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.